



Til: Fjárlaganefndar Alþingis.
Frá: Forseta Alþingis.

Reykjavík, 11. október 2022

Efni: Fjárveiting til viðgerða á Jónshúsi í Kaupmannahöfn

Árið 2021 var gerð úttekt á ástandi Jónshúss af Byggesagkynding.nu og nauðsynlegum viðhaldsverkefnum forgangsraðað. Úttektin leiddi í ljós að ástand hússins er nokkuð gott miðað við aldur þess en eðlilega er ýmislegt sem þarf að laga og bæta. Samkvæmt úttektarskýrslunni er brýnasta verkefnið að gera við glugga á 1. og 2. hæð og múr utan á húsinu.

Fyrirtækið Malerfirmaet Seehusen A/S hefur gert tilboð í verkið og er áætlaður kostnaður að hámarki 36,6 m.kr. Það er mat tilboðsgjafa að líklega verði kostnaður eitthvað lægri en það kemur ekki í ljós fyrr en viðgerðir hefjast hversu mikið þarf að gera við múrinn. Það er ekki talið hagkvæmt að skipta verkinu í tvennt þar sem mikill kostnaður felst í því að leigja og setja upp vinnupalla og sá kostnaður félli þá til tvisvar sinnum. Viðgerðir á gluggunum bæta einangrun og draga þar með að einhverju leyti úr hitunarkostnaði hússins sem fer stöðugt hækkandi í Danmörku.

Forseti Alþingis óskar eftir því að gert verði ráð fyrir þessum framkvæmdum í fjárveitingum til Alþingis og þær auknar sem þessum kostnaði nemur í fjárlögum 2023.

Meðfylgjandi er tilboðið frá verktaka.

FORSETI ALÞINGIS